

Börkur Sigurbjörnsson

Hundahvíslarinn

örsaga



Urban Volcano

Hundahvíslarinn


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efnið ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Hundahvíslarinn

Eftir kvöldmatinn á bændagistingunni ákváðum við að fá okkur göngutúr um landareignina áður en að við færum í háttinn. Við gengum eftir malarstígum, hönd í hönd, í gegnum svartnættið, dádumst að stjörnubjörtum himninum og drukkuðum inn næturþögnina.

Þegar við nálguðumst hesthúsin hlupu tveir litlir hundar geltandi til móts við okkur. Ég fann hvernig líkamar okkar beggja stífnuðu, hjörtun slógu hraðar og við hikuðum við að halda göngu okkar áfram eftir götunni.

„Ussss,“ hvíslaði ég í átt til hlaupandi hundanna og rétti fram handlegginn með lófann opinn.

Hundarnir stoppuðu en tóku upp varnarstöðu á miðju bílastæðinu fyrir framan hesthúsin og ýlfruðu í áttina til okkar. Þó þeir væru enn í stífari kantinum þá fann ég hvernig líkamar okkar slöknuðu þegar ástandið róaðist.

„Vá, þetta var magnað,“ sagðir þú í lágum róm eftir að við höfðum gengið framhjá hesthúsunum og inn á annan veg sem lá til baka í átt að gistihúsinu. „Hvernig þú gast róað hundana!“

„Eh,“ játaði ég. „Ég var ekki beint að róa hundana.“

„Ó,“ sagðir þú og grófst höfuðið í brjósti mér. „Svo þú varst að róa mig. Það virkaði líka!“

„Ég var ekki heldur að reyna að róa þig,“ hugsaði ég en ákvað að láta það liggja milli hluta að hegðun mín hafði að öllu leyti verið innhverf.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstöfum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano